

# Minnisblað

---

**Varðandi:** Útreikning afslátta hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

**Málsnr.**

**Dags.:** 29. apríl 2015

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995, er í II. kafla 4.mgr. 5.gr. þar sem fjallað er um lækkanir og/eða niðurfellingar á fasteignaskatti segir:

*Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.*

Akraneskaupstaður hefur sett reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Síðustu reglur eru staðfestar 25.02.2014.

Í 2.gr. reglna um lækkun og niðurfellingu er fjallað um tekjuviðmið sem þar segir:

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarárinu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

Tillaga III að viðmiðunarupphæðum fyrir árið 2015 sem gerir ráð fyrir 6,64% hækkun milli ára:

## Hjá einstaklingum:

Tekjur allt að	kr. 2.817.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur	kr. 234.750,-
Tekjur yfir	kr. 3.900.000	0% lækkun – mánaðartekjur	kr. 325.000,-
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.		
Mismunur	kr. 1.083.000	notað sem hlutfallsstuðull	

## Hjá hjónum:

Tekjur allt að	kr. 3.945.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur	kr. 328.750,-
Tekjur yfir	kr. 5.459.000	0% lækkun – mánaðartekjur	kr. 454.917,-
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.		
Mismunur	kr. 1.514.000	notað sem hlutfallsstuðull	

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 3.000.000.-

Útreikningur  $3.000.000 - 2.817.000 = 183.000/1.083.000 = 16,90 - 100 = 83,10\%$  lækkun.

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 3.500.000,-

Útreikningur  $3.500.000 - 2.817.000 = 683.000/1.083.000 = 63,07 - 100 = 36,93\%$  lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 4.500.000.-

Útreikningur  $4.500.000 - 3.945.000 = 555.000/1.514.000 = 36,66 - 100 = 63,34\%$  lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 5.000.000,-

Útreikningur  $5.000.000 - 3.945.000 = 1.055.000/1.514.000 = 69,68 - 100 = 30,32\%$  lækkun.

Andrés Ólafsson  
Gert 29.04.2015.